

Félags- og velferðarmál

Stefna Ísafjarðarbæjar



Auðugt samfélag byggir á samstarfi, metnaði og gagnkvæmri virðingu

Samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 19. mars 2009 og endurskoðuð í janúar 2011

Inngangur

Í október 2007 hófst félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar handa við stefnumótun bæjarins í félagsmálum. Mikil vinna hefur verið lögð í stefnumótunina og var hápunkturinn tveggja daga vinnufundur í apríl 2008 undir handleiðslu Haraldar Flosa Tryggvasonar. Frá upphafi hefur verið unnið að stefnumótuninni sem langtímaverkefni er vinna þyrfti af heilum hug, verkefni sem aldrei lyki. Samþykkt og útgáfa þessarar stefnu er aðeins liður í því verkefni.

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga þarf félagsmálanefnd að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun á sviði félagsþjónustu í sveitarfélaginu. Meginkaflar þessarar stefnu byggja á því sem mælt er fyrir í lögnum, en þó var ákveðið að reyna eftir fremsta megni að sundurgreina ekki íbúana í flokka s.s. eftir uppruna, stöðu eða aldri. Hér er heldur ekki farið niður í smæstu atriði þeirrar þjónustu sem Ísafjarðarbær veitir, heldur eru hér fyrst og fremst lagðar þær línur sem nefndin leggur til að unnið verði eftir. Í anda þessarar stefnu munu starfsmenn vinna starfsmarkmið, í samvinnu við nefndina, þar sem nánar verður kveðið á um framkvæmd verkefna.

Vorið 2009 verður hafist handa við að innleiða stefnuna með setningu starfsmarkmiða. Stefnumótun er ferli sem stöðugt þarf að vera í endurskoðun. Árlega verður því lagt mat á stefnuna, hvernig til hefur tekist og hvað má færa til betri vegar.



Stefnuyfirlýsing

Félagshjónustan er félagslegt og fjárhagslegt öryggisnet samfélagsins. Hún rækir lögskyldur um velferð og jafnrétti.

Félagshjónusta Ísafjarðarbæjar miðar að samfélagi án aðgreiningar, þjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins. Vinnubrögð skulu vera fagleg og skapa traust til starfseminnar, byggja á greiningu þarfa, samráði, sýnileika þjónustu og skýrum verkferlum.

Lögð er áhersla á eflingu félagsauðs, hvatningu til ábyrgðar og heilbrigðra lífshátta. Félagssauður vex með samskiptum og skilningi. Með forvörnum mun stuðlað að andlegri og líkamlegri vellíðan og árvekni samfélagsins gagnvart áhættusamri hegðun.

Við viljum sýna frumkvæði, fylgjast með nýjungum og auka þekkingu. Með skynsamlegri ráðstöfun fjármuna skal þjónustan eflid. Stefnt er að því að félagshjónustan verði til fyrirmyndar og auki hróður bæjarins.

Meginmarkmið félagshjónustu Ísafjarðarbæjar eru:

- * Að rækja lögbundnar skyldur sveitarfélagsins á metnaðarfullan hátt með hagsmuni íbúanna í fyrirrúmi
- * Að efla félagsauð samfélagsins með hvatningu til ábyrgðar og heilbrigðra lífshátta
- * Að vera stofnun sem er í stöðugri þróun

Í september á hverju ári skal félagsmálanefnd fara yfir stefnuna á sérstökum fundi, ræða hana og endurmeta. Forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu skal á þeim fundi leggja fram skýrslu um það hvernig tekist hefur að vinna eftir stefnunni á liðnu ári. Ákvörðun um endurskoðun stefnunnar skal leggja fram í lok fundar.

Árlega skulu starfsmenn í tilteknum málaflokkum og deildum meta starfið á liðnu ári og setja sér starfsmarkmið í hverjum þjónustuflokki fyrir komandi ár. Endurskoðaða félagsmálastefnu ásamt nýjum starfsmarkmiðum skal leggja fyrir fund félagsmálanefndar eigi síðar en í nóvember ár hvert.

Markmið og leiðir

Félagsleg ráðgjöf

Boðið er upp á félagslega ráðgjöf til einstaklinga á mismunandi æviskeiðum, þar sem tekið er tillit til þess að einstaklingar eru margvíslegir og þarfir þeirra ólíkar.


Virðing fyrir einstaklingnum og fagmennska í vinnubrögðum er í fyrirrúmi. Í ráðgjöf er einstaklingurinn hvattur til sjálfshjálpar. Boðið er upp á fjölskylduráðgjöf jafnt sem einstaklingsráðgjöf, auk sálfræðipjónustu og áfallahjálpar eftir því sem við á.

Lögð er áhersla á gott samstarf við aðra þjónustuaðila með það að markmiði að greiða leið einstaklinga að þeirri þjónustu sem býðst í samfélaginu.

Fjárhagsaðstoð

Fjölskyldur þurfa að geta séð sér farborða. Félagsþjónustan lætur í té stuðning og ráðgjöf til einstaklinga og fjölskyldna sem á þurfa að halda. Með fjárhagslega hagsmuni fjölskyldna í huga er mikilvægt að viðhafa gott samstarf við aðrar stofnanir og stoðkerfi samfélagsins.

Hvatt er til fjárhagslegrar ábyrgðar og fræðsla veitt sem liður í forvörnum gegn fjárhagslegu óöryggi.



Búsetuþjónusta

Allir skulu eiga kost á þeirri þjónustu sem best mætir þörfum þeirra og óskum, til að geta búið sjálfstætt. Búsetuþjónusta er samnefni yfir alla þá þjónustu sem auðveldar fólki að búa sem lengst á eigin heimili.

Í nútíma samfélagi er litið á eigið heimili sem sjálfsögð mannréttindi enda tengist það sjálfsmynd, friðhelgi einkalífs og sjálfstæði órjúfanlegum böndum. Lögð er áhersla á að allir íbúar Ísafjarðarbæjar eigi kost á því að búa á eigin heimili þrátt fyrir mismunandi líkamlega eða andlega færni. Þeim skal tryggð sú þjónusta og stuðningur sem þörf er á til að lifa sem sjálfstæðustu lífi á eigin heimili. Þjónustan er skipulögð og veitt á einstaklingsbundnum forsendum þar sem tekið er mið af heilsufari viðkomandi, væntingum og þörfum. Búsetuþjónusta skal miða að því að efla einstaklinginn til sjálfshjálpar, þegar því verður við komið, með það fyrir augum að auka sjálfstæði hans og lífsgæði. Gott aðgengi skal vera að þjónustunni og næg upplýsingagjöf til þeirra sem þurfa að nýta sér hana.

Þjónustupættir sem heyra undir búsetuþjónustu eru:

- * Heimaþjónusta er veitt í nánú samstarfi við aðra þjónustuaðila þannig að hún verði sem samfelldust. Unnið skal að eflingu heimaþjónustunnar, s.s. með því að setja á kvöld-, helgar- eða jafnvel næturþjónustu þegar þörf er á. Til að gera þjónustuna markvissari verði unnið að því að koma á fót sameiginlegri miðstöð þjónustuaðila.
- * Félagsleg liðveisla stendur þeim einstaklingum til boða sem þurfa stuðning til að njóta félagslífs og menningar. Þjónustuna skal veita á markvissan hátt þannig að hún nýtist sem best þeim sem á henni þurfa að halda.
- * Frekari liðveisla er aðstoð til þeirra sem þurfa meiri aðstoð við sjálfstæða búsetu. Við skipulagningu þjónustunnar skal leggja áherslu á hjálp til sjálfshjálpar og að virða sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins. Frekari liðveisla er unnin í mikilli samvinnu við aðra þjónustuaðila og markmiðið er að samþætta þjónustuna almennri heimaþjónustu.
- * Sólarhringsbúsetuþjónusta er þjónusta til þeirra sem þurfa aðstoð við flestar athafnir daglegs lífs og þjónustu allan sólarhringinn.
- * Ferliþjónusta stendur þeim til boða sem vegna aldurs eða fötlunar geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur og hafa ekki afnot af bíl. Ferliþjónustan auðveldar einstaklingum sem eru í þessari stöðu að komast ferða sinna s.s. vegna vinnu, náms, hæfingar, tómsunda eða heilbrigðisþjónustu. Einstaklingar sem af sömu sökum eiga erfitt með snjómokstur og garðslátt við heimili sín skulu fá þjónustu eftir þörfum. Lögð er áhersla á að allar helstu gönguleiðir í bæjarfélaginu séu vel mokaðar til að auðvelda fólki að fara um. Við hönnun og gerð bygginga og gönguleiða í bænum skal tekið tillit til mismunandi þarfa fólks hvað varðar aðgengi.
- * Félags- og tómsundastarf aldraðra er starfrækt með áherslu á fjölbreytt viðfangsefni, þannig að það henti sem flestum. Leggja skal metnað í að aðbúnaður í félagsstarfinu sé góður og aðgengi gott. Öldruðum skal tryggt aðgengi að íþróttamannvirkjum sér til heilsubótar og hreyfingar og þeim boðið upp á íþróttir við hæfi.
- * Dagþjónusta fyrir aldraða er starfrækt fyrir þá einstaklinga sem hafa þörf fyrir slíka þjónustu. Þjónustan skal aukin til þess að mæta þörfum þeirra sem þurfa meiri umönnun en heimaþjónusta og heimahjúkrun veitir. Veita skal persónulega þjónusta í notalegu umhverfi þar sem bæði félagslegum og líkamlegum þörfum er mætt.
- * Heimsending á mat stendur þeim einstaklingum til boða sem ekki geta sjálfir annast matseld af heilsufarslegum ástæðum.

- * Ráðgjöf sem miðar að stuðningi við búsetu stendur til boða og snýr að leiðbeiningum varðandi réttindi og mögulega þjónustu við viðkomandi. Ráðgjöfin getur einnig falist í persónulegum stuðningi, aðstoð við utanumhald fjármála og aðra þá þætti sem viðkomandi þarf aðstoð með.

Húsnæðismál

Allir skulu eiga kost á öruggu húsnæði á viðráðanlegum kjörum, sem hæfir fjölskyldugerð og stærð með það að markmiði að geta mætt einstaklingsmiðuðum þörfum þeirra sem vegna t.d. aldurs eða fötlunar þurfa á sérútbúnu húsnæði að halda. Þessu markmiði skal ná með eftirfarandi úrræðum:

- * Húsaleigubætur eru veittar samkvæmt almennum reglum sem taka mið af tekjum og fjölskyldustærð.
- * Sérstakar húsaleigubætur standa þeim til boða sem hafa tekjur undir viðmiðunarmörkum miðað við fjölskyldustærð.
- * Forgangur að leiguhúsnæði Fasteigna Ísafjarðarbæjar er veittur þeim sem búa við erfiðan fjárhag, óöryggi í húsnæðismálum og erfiðar félagslegar aðstæður.
- * Hjúkrunarheimili er nauðsynlegur þáttur í húsnæðismálum. Jafnframt því sem Ísafjarðarbær hyggst gera íbúum kleift að dvelja í heimahúsi svo lengi sem þess er óskað, mun sveitarfélagið halda áfram að stuðla að því að hér verði komið upp hjúkrunarheimili eins og nauðsyn krefur.

Málefni barna og ungmenna

Mikilvægt er að komið sé fram við börn og ungmenni af sömu virðingu og aðra íbúa. Þeim þarf að sýna umhyggju og veita hvatningu svo æskuárin verði þeim uppbyggilegt vegna til



fram tíðar. Þjóða skal upp á sérhæfða þjónustu vegna barna og ungmenna í formi fræðslu, ráðgjafar, greiningar og stuðningsúrræða. Ráðgjöf og fræðsla standi til boða þeim foreldrum og forsjáraðilum sem reynist foreldrahlutverkið erfitt.

Sérstök áhersla verður lögð á íþrótt- og tómstundastarf því þar er mikilvægur vettvangur til að byggja upp félagsauð, auk þess sem forvarnargildi með tilliti til heilsu og velferðar er ótvírætt.

Forvarnir

Það er lykilatriði í eflingu mannauðs að rjúfa félagslega einangrun og efla samstöðu eins og frekast er unnt. Félagsmálanefnd sér til þess að Ísafjarðarbær hafi heildstæða forvarnarstefnu og starfi samkvæmt henni. Boðið skal upp á fræðslu og forvarnir gegn vímuefnaneyslu og áhersla lögð á að upplýsingar um vímuvarnir og úrræði séu aðgengilegar. Félagshjónustan styður þá sem misnota áfengi eða aðra vímuþjafa, til að leita sér viðeigandi meðferðar.

Efla skal íþrótt- og tómstundastarf íbúanna og sérstök áhersla lögð á börn og unglunga. Skóla- og fjölskylduskrifstofa mun hafa það að markmiði að auka samstarf þeirra aðila sem koma að málefnum barna og unglunga. Stutt verður við foreldra og samstarf þeirra s.s. um forvarnir og útivistartíma.

Lífsgleði og heilsa – Velferð íbúa

Kjarninn í markmiðum þessarar stefnu er ósk um velferð og farsæld íbúa Ísafjarðarbæjar. Allir íbúar eiga kröfu til fullra mannréttinda og jafngildrar þátttöku í samfélaginu. Með stuðningi, fræðslu og forvörnum má stuðla að lífsgleði og heilsu íbúanna og þar með efla félagsauðinn sem er hornsteinn samfélagsins.

Lífsgleði er eitt af grunngildum góðra lífskjara. Með hvatningu og félagslegum stuðningi má efla þátttöku og virkni í samfélaginu. Virkni einstaklinga er best til þess fallin að rjúfa félagslega einangrun.

Í umhverfi Ísafjarðarbæjar er gott framboð á leiðum til hreyfingar og útivistar. Með fjölbreyttu framboði á tómstundum og annarri afþreyingu ásamt þátttöku íbúanna verður best stuðlað að bættri lýðheilsu.

